LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

11. febrúar 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis

Kristján L. Möller formaður
Lilja Rafney Magnúsdóttir varaformaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátaeigenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Mál nr. 488 - Þingskjal nr. 629

LS minnir á umsögn félagsins um sama málefni dagsetta 11. nóvember 2012.

Eftirfarandi er viðbót við þá umsögn.

1. gr.

Í greininni er lagt til að hægt verði að skylda fiskvinnslur til kaupa á búnaði að ákveðinni gerð. Hér er allt of langt gengið og leggst LS alfarið gegn slíkri heimild. LS telur að sá búnaður sem nú er fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til öryggis og nákvæmni við mælingu á magni sem tekið er til vinnslu.

Viðvörun

Áður en lengra er haldið með samning þessarar umsagnar skal bent á að kostnaður við að hefja vinnslu hefur aukist gríðarlega á sl. árum og er nú svo komið að nýliðun er nánast óhugsandi. Þá eiga minni aðilar í vinnslu orðið mjög erfitt uppdráttar, aðeins stærstu fyrirtækin geta fullnægt þeim ofurskilyrðum sem gerð eru. Verði ekkert aðhafst til að lækka kostnað má gera ráð fyrir að vinnslan þjappist á fáar hendur sem leiðir til þess að einstök fyrirtæki komast í einokunaraðstöðu, t.d. hvað verðmyndun snertir eins og dæmi eru um í uppsjávarveiðum. LS varar við þessari þróun og telur að atvinnuveganefnd eigi að hamla

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

gegn henni. Á það skal einnig bent að stærð fyrirtækja er ekki ávísun á betri gæði. Vinnslur með lítið umfang standa þeim stærri oft framar og skila hærri afurðaverðum.

LS hvetur atvinnuveganefnd að samþykkja ekki 1. gr. frumvarpsins.

2. gr.
Greinin gerir ráð fyrir að skilgreina nákvæmni við skráningu á magni í afladagbók (prósentufrávik) þ.a. að heimilt sé að skoða sérstaklega tilvik sem fara útfyrir viðkomandi nákvæmnismörk. Einnig er tillaga um heimild til undanþágu frá færslu í rafræna afladagbók.

LS vekur athygli á að með tilkomu rafrænna afladagbóka fór fram mikil umræða milli Fiskistofu og félagsins um hvar mörkin væru milli þess að raunhæft væri að skylda rafrænar afladagbækur og þess að áfram skyldi stuðst við afladagbók í bókarformi. Niðurstaðan var samkomulag sem birtist að efni til í 1. gr. reglugerðar nr. 205/2010 um breytingu á reglugerð nr. 557/2007 (ath. rangt númer í skýringum við 2. gr. er þar 667 en á að vera 557). Greinin orðast svo (leturbr. af LS):
„Á eftir 1. mgr. 3. gr. kemur ný mgr. svohljóðandi: *Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipstjórum fiskiskipa sem eru undir 10 BT að stærð og fiskiskipa sem eru undir 15 BT að stærð og fengu í fyrsta sinn haffærisskírteini fyrir 1. maí 2002 heimilt að halda afladagbók á bókarformi.“*

LS gerir ekki athugasemdir við 2. gr. enda lítur félagið svo á að í síðari hluta hennar sé verið að styrkja heimildir fyrir nefndu undanþáguákvæði.

3. gr.
LS gerir ekki athugasemdir við greinina enda augljóst að henni er ætlað að koma í veg fyrir að hægt sé að fara í kringum það sem 12. gr. laganna fjallar um í dag.

4. gr.
Almennt veiðigjald stendur undir kostnaði vegna eftirlits svo og rekstri Fiskistofu. Verði aðili uppvís að brotum á lögum þessum gerir ákæruvaldið væntanlega kröfu til þess að viðkomandi greiði allan kostnað við að upplýsa brotið. Þar sem sektarfé rennur beint í ríkissjóð er eðlilegt að sá hluti sem hér er til umræðu komi gegnum fjárlög til Fiskistofu.
Það skal ítrekað frá fyrri umsögn að LS telur að með fyrirhugaðri breytingu á

lögunum sé gengið á rétt hvers og eins að teljast saklaus þar til sekt er sönnuð.

LS leggst gegn fyrirhugaðri breytingu sem fram kemur í frumvarpinu.

LS leggur til að við 2. mgr. bætist ml. sem orðist svo:
Gjaldskrá veiðieftirlitsmanns skal vera aðgengileg á heimasíðu Fiskistofu.

7. gr.

Sams konar breyting og í 4. gr. Hér á hún við vigtunarleyfishafa.

LS vísar til athugasemda við 4. gr.

LS gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is